

## Viðauki I: Rannsóknaráherslur og ráðningarstefna

Markmið Ferðamálaeildar er að byggja upp öfluga rannsóknarvirkni innan deildarinnar sem eflir orðspor hennar og Háskólans á Hólum á innlendum sem alþjóðlegum vettvagi, nærir kennslu og miðlar nýrri þekkingu inn í atvinnulíf og samfélag.

### Rannsóknaráherslur

Deildin leggur áherslu á rannsóknir á eftirfarandi fræðasviðum:

1. Ferðamálafræði með áherslu á sjálfbærni og ábyrga ferðaþjónustu utan þéttbýlis (e. rural tourism)
2. Viðburðarstjórnun (e. event management)
3. Stjórn ferðaþjónustu og móttaka gesta (e. tourism and hospitality management)

Ferðamálaeild leggur áherslu á akademískt frelsi og ábyrgð rannsókenda. Borin er virðing fyrir ólíkri nálgun, viðfangsefnum og framsetningu rannsóknarniðurstaðna.

Rannsóknir innan deildarinnar eru bæði hagnýt rannsóknarverkefni sem ráðast af þörf og aðstæðum í þjóðfélaginu/atvinnugreininni hverju sinni og akademísk rannsóknarverkefni sem miða að því að efla grunnþekkingu á ferðamálum á Íslandi.

Deildin stefnir að því að vera leiðandi á sínum fræðasviðum með því að taka virkan þátt í fræðilegri umræðu og kennslu, skipuleggja fundi og ráðstefnur af eigin frumkvæði og taka þátt í innlendum og alþjóðlegum vinnustofum og ráðstefnum.

Deildin stefnir að því að efla rannsóknarvirkni með því að hvetja til aukins rannsóknarsamstarfs innan deildarinnar. Leitast skal við að gera rannsóknir og rannsóknarniðurstöður sýnilegar, bæði innan fræðaheims (e. output) og í samfélaginu (e. public engagement). Þá er stefnt að því að gera áhrif rannsókna (e. impact) deildarinnar, á atvinnugreinir og samfélagi, sýnileg á hverjum tíma.

Deildin stefnir að því að auka sókn í rannsóknarsjóði/samkeppnissjóði til þess að efla rannsóknarvirkni innan deildar. Áhersla er á innlent og alþjóðlegt samstarf í rannsóknum og aukinni þátttöku framhaldsnema í rannsóknarverkefnum.

Innan deildarinnar er áhersla á að styrkja samþættingu rannsókna og kennslu, bæði á grunn- og framhaldsnámsstigi. Deildin mun sjá til þess að leiðbeinendur fái stuðning og hjálfun. Leiðbeiningasamningur skal gerður milli leiðbeinanda og framhaldsnema, skv. reglum skólans þar um. Framhaldsnemendur eru þátttakendur í akademísku umhverfi deildarinnar.

Deildin stefnir að því að efla samstarf við erlenda háskóla um kennaraskipti, akademísk gestastörf og leiðbeiningu meistara og doktorsnema.

Fastráðið starfsfólk deildarinnar setji sér markmið í rannsóknum í árlegu starfsmanna-samtali við deildarstjóra. Skulu markmiðin miðast við starfshlutfall og starfslýsingu. Við mat á því hvort og að hvaða marki starfsfólk hafi sinnt rannsóknarskyldum sínum verður m.a. tekið mið af árangri starfsmanns við að fylgja þessum markmiðum eftir.

Deildin mun stefna að því að nýta fjármuni á markvissan hátt með góðri stjórn rannsóknarverkefna. Útbúnað verða verklagsreglur um stjórnun og framkvæmd slíkra verkefna og leiðbeiningar til verkefnastjóra, m.a. varðandi ýmsa kostnaðarliði rannsóknarverkefna, ráðningu aðstoðarfólks og nemenda.

### Ráðningarstefna

Til að styrkja rannsóknir við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum skal ávallt stefna að því að við deildina starfi alþjóðlega framúrskarandi vísindafólk í lektors- dósent- og prófessorstöðum. Þess skal, að öllu jöfnu, krafist að lektorar, dósentar og prófessorar hafi lokið doktorsprófi.

Deildin hefur eftirfarandi ráðningarstefnu til þess að styðja við þær rannsóknaráherslur sem settar eru fram hér að framan:

1. Nýtt akademískt starfsfólk
  - a. Sérfræðingur á sviði ferðamálafræða og/eða þjónustustjórnunar (2019)
  - b. Sérfræðingur á sviði viðburðarstjórnunar

### Uppbygging rannsóknaraðstöðu

Stefnt er að því að Ferðamáladeild skapi starfsfólki við deildina góða vinnuástöðu til að sinna rannsóknarvinnu og tryggja aðgang að bókasöfnum og rafrænum upplýsingagrunnum. Þá skal stefnt að góðu bókasafni í eigu deildarinnar/háskólans sem uppfært er reglulega miðað við áherslur í starfsemi deildarinnar.

Stefnt er að því að tryggja starfsfólki deildarinnar aðgang að þeim verkfærum sem nauðsynleg eru í rannsóknum innan félagsvísinda, svo sem ýmsum forritum til úrvinnslu rannsóknargagna og öðru sem nauðsynlegt þykir.

Gjört í febrúar 2019